| Verkefni 6 | Fjarfundamenning - |
|---|---|
| Markmið (SMART) | • Auka þekkingu og efla notkun meðal *kjörinna fulltrúa* á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í nefndum/ráðum/stjórnum sveitarfélaga.<br>• Auka þekkingu og notkun *starfsmannna og stjórnsýslu* sveitarfélaga á Eyingssvæðinu á fjarfundum í daglegum störfum.<br>• Gera sveitarfélögin á Eyþingssvæðinu betur í stakk búin til að innleiða "störf án staðsetningar", t.d. með búsetu og starfsstöðvum í dreifðari byggðum sveitarfélaganna.<br>• Í verkefninu verður leitast við að yfirfærslugildi verði til staðar fyrir atvinnulíf og skólakerfi,þó svo áherslan verði á starfsmenn sveitarfélaga og sveitarstjórnarfólk. Ljóst er að í þessu eru samlegðaráhrif sem hefur það grunnmarkmið að styrkja hinar dreifaðri byggðir, auka skilvirkni, minnka kostnað. Einnig er þetta mikilvægt tækifæri til að mæta þeirri þróun sem er að verða í nýjum tæknilausnum. Námskeiðahald mun taka mið af þessu að mæta breiðum hópi sem endurspeglar sveitastjórnir,skólaumhverfi, og einnig atvinnulíf. |
| Stutt verkefnalýsing | Verkhlutar verkefnisins<br>• V1 - Greining:<br>  o Svæðin, aðstæðugreining. sveitarfélög, stjórnsýsla, byggð, þarfir.<br>  o ***Afurð = Aðstæðugreining í lokaskýrslu***<br><br>• V2 – Vinnulag:<br>  o Skilgreining vinnulags og verklagsreglna við fjarfundi.<br>  o Sérsniðið að bæði<br>    ▪ (a) kjörnum fulltrúum/pólitísku starfi með fundarstörf í huga<br>    ▪ (b) starfsfólki/stjórnsýslu með fjarvinnslu í huga<br>  o ***Afurð = Verklagsreglur um framkvæmd fjarfunda sveitarfélaganna***<br><br>• V3 – Tækni:<br>  o Samantekt tæknilegra valkosta. Tækja- og hugbúnaður, húsnæði, aðstaða.<br>  o ***Afurð = Samantekt í „handbók um búnað og aðstöðu til fjarfunda“***<br><br>• V4 – Þjálfun:<br>  o Námskeið haldin á Eyþingssvæðinu fyrir<br>    ▪ (a) kjörna fulltrúa/nefndarfólk<br>    ▪ (b) starfsfólk/stjórnendur/stjórnsýslu<br>  o ***Afurð = Stutt, hagnýt námskeið sniðin að þörfum*** |

| | |
|---|---|
| | ***sveitarfélaga. Haldin bæði á svæði SÍMEY og ÞÞ.*** |
| Framkvæmdaaðili | Þekkingarnet Þingeyinga og SÍMEY |
| Samstarfsaðilar | Sveitarfélögin á Eyþingssvæðinu (öll) |
| Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019 | Fellur vel að meginmarkmiðum Sóknaráætlunar fyrir Norðurland eystra 2015-2019 varðandi „mannauð" þar sem verkefninu er ætlað að bregðast sérstaklega við þeim aðstæðum og hindrunum sem áætlunin dregur glögglega fram varðandi fjarlægðir og dreifða samsetningu byggðanna og sveitarfélaganna á svæðinu. Einnig fellur verkefnið að markmiðum varðandi atvinnu og nýsköpun og þá áherslu að „byggja upp þekkingu og möguleika til fjarvinnu og fjarþjónustu" í landshlutanum. |
| Árangursmælikvarði/ar | • Fjöldi sveitarfélaga sem innleiðir verklagsreglur.<br>• Fjöldi sveitarfélaga sem nýtir sér fjarfundi í nefndarstörfum, ráðum og stjórnum<br>• Fjöldi starfsmanna sveitarfélaga sem nýta sér fjarvinnslumöguleika (virtual office).<br>• Fjöldi námskeiða um fjarfundi og fjöldi þátttakenda á þeim.<br>• Fjöldi virkra fjarfunda sveitarfélaganna á starfssvæðinu *fyrir* verkefnið og að *ári liðnu* frá skilum lokaskýrslu. |
| Lokafurð | Samantekt á hug- og tæknibúnaði til notkunar í fundaherbergjum – til hagræðingar og samstillingar fyrir sveitarfélög. Samræmt verklag við framkvæmd fjarfunda, óháð hugbúnaðargerð/tegund og hagnýt námskeið fyrir kjörna fulltrúa.<br>• ***V1 = Afurð = Aðstæðugreining í lokaskýrslu***<br>• ***V2 = Afurð = Verklagsreglur um framkvæmd fjarfunda sveitarfélaganna***<br>• ***V3 = Afurð = „Handbók" um búnað og aðstöðu til fjarfunda***<br>• ***V4 = Afurð = Stutt, hagnýt námskeið sniðin að þörfum sveitarfélaga. Haldin bæði á svæði SÍMEY og ÞÞ (3-4 á starfssvæði hvorrar miðstöðvar – alls 6-8).***<br><br>Allt (V1-V4) tekið saman í eina lokaskýrslu. Stakir kaflar (verkþættir) settir upp í einföldu „handbókarformi" sem miðast við daglega notkun á vettvangi sveitarfélaganna. |
| Tímarammi | Upphaf verkefnis: 1. apríl 2019<br>Lok verkefnis: 31. des. 2019 |
| Heildarkostnaður | 4 m.kr.<br><br>Grófur fjárhagsrammi (m.v. 5.500 kr./klst. í vinnu verkefnastjóra hjá SÍMEY/ÞÞ eða umreiknað í sömu einingu):<br><br>• V1 = 150 klst. (vinna)<br>  o Þróun/undirbúningur/greining<br>• V2 + V3 = 200 klst. (vinna)<br>  o Handbók og verklagsreglur + ítarleg prófun<br>• V4 = 300 klst.<br>  o Þróun og framkvæmd námskeiða (6-8 í heild). Hnitmiðuð hagnýt námskeið færð heim til sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu. Reynt að ná saman nærliggjandi |

| | |
|---|---|
| | sv.félögum í stök námskeið.<br>• Aðkeypt vinna (50 klst.)<br>  ○ Sérfræðiráðgjöf um einstaka þætti (Advania/Origo eða álíka aðili)<br>• Overhead + praktísk mál (100 klst.)<br>  ○ Ferðir innan svæðis + aðstaða + búnaður<br><br>Samtals (umreiknað í tímaeiningu 5,5 þkr./klst.) = 800 klst. = 4.400.000 kr. |
| Framlag úr sóknaráætlun 2019 | 4.400.000 kr. |